

greinar í hegningarlögum 25. júní 1869, og virðist hegningin, með sjerstöku tilliti til æsku hinnar ákærðu og undanfarinnar góðrar hegðunar, hæfilega metin til 6 ára betrunarhússvinnu; að öðru leyti ber að staðfesta undirrettardóminn; svo ber hinni ákærðu og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 14 krónur til hvors.

Meðferð málsins í hjeraði og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum, hefir verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hin ákærða Kristbjörg Björnsdóttir á að sæta 6 ára betrunarhússvinnu. Um málskostnað í hjeraði á dómur undirrettarins óraskaður að standa; svo bœrgar hin ákærða og allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Jóns Guðmundssonar og Páls Melsteðs, 14 krónur til hvors í málsfærslulaun.

Dóminum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 8. febrúarmán.

Nr. 3/1875:

Rjettvísín

gegn

Guðmundi Guðnasyni.

Dómur.

Með eigin játningu hins ákærða Guðmundar Guðnasonar á Reyni á Akranesi og öðrum upplýstum atvik-

um er það löglega sannað, að hann haustið 1873, þegar hann bjó á Hurðarbaki, hafi nokkrum sinnum tekið tvo hesta og eina hryssu frá Vestara-Miðfelli, sem sóttu í heygarð hans, og keflað þau á þann hátt, að hann ljét upp í þau hrossleggi þvers um, batt hrosshárslinda um báða enda á hrossleggjunum og smokkaði honum eins og höfuðleðri á beizli upp á höfuðin á hestunum, og batt svo sama hrosshárslindanum eins og beizliскеðju undir kverkina á hestunum, svo að hrossleggirnir ekki gátu gengið til, og voru þeir svo digrir, að hestunum var ómögulegt að bíta með þá uppí sjer. Eptir að hinn ákærði þannig tvisvar hafði keflað hestana frá Miðfelli, án þess að mein yrði að því, af því að þeir fundust skömmu eptir keflinguna, og keflin voru tekin út úr þeim, bar svo til mánudagskveld eitt á jólaföstudni, að hinn ákærði hitti þessa sömu tvo hesta hjá heygarði sínum, sem ekki verður álitinn gripheldur, og keflaði þá báða; kom annar þeirra heim að Miðfelli daginn eptir með keflið uppí sjer, strengdur og hungraður, en hinn hesturinn fannst ekki fyr en á miðvikudag um hádegi eptir mikla leit, liggjandi í fönn með keflið uppí sjer, mjög þjakaður, banhungraður og með kjálkana og kjaptvikin mjög bólgin undan hrossleggnum; og er það álit þeirra, sem fundu hestinn eða sáu hann skömmu seinna, að hann ekki mundi hafa lifað til næsta dags, ef hann hefði ekki fundizt, því hann gat enga björg sjer veitt, en landnyrdingsbilur og mikið frost var þá dagana, sem hestinn vantaði. Var hesturinn síðan rekinn heim, og rjetti hann smámsaman við, en átti þó lengi erfitt með að jeta vegna bólgunnar í skoltinum. Hinn ákærði gjörði engum aðvart um keflingu hestanna, fyr en smali frá Miðfelli daginn eptir, að hestarnir voru keflaðir, kom til að spyrja um þá. Fyrir þessar tiltektir er hinn ákærði, sem kominn

er langt yfir lögaldur sakamanna, og ekki hefir fyrri sætt hegningu eða ákæru fyrir neitt lagabrot, dæmdur fyrir aukarjetti Mýra- og Borgarfjarðar-sýslu að Hjarðarholti, 28. septembermán. f. á., í 10 rd. sekt til lands-sjóðsins, eða ef sektin ekki er borguð í tækan tíma, þá í 6 daga einfalt fangelsi, sem og til að borga allan málskostnað, en þessum dómi hefir hinn ákærði skotið til yfirdómsins.

Yfirdómurinn hlýtur að vera á sama máli og undirdómarinn um það, að þessi meðferð hins ákærða á hestunum frá Miðfelli sje þess eðlis, að hann ekki geti sloppið hjá hegningu fyrir hana, og virðist hegningin eptir öllum málavöxtum hæfilega metin af undirdómaranum, samkvæmt 229. og 31. grein hegningarlaganna, smbr. tilsk. 28. febrúar 1874, til 10 rd. sektar. Undirrettarins dóm ber því að staðfesta í heild hans, og ber hinum ákærða einnig að borga allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 10 krónur til hvors.

Meðferð málsins í hjerði og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefir verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Undirrettarins dómur á óraskaður að standa. Hinn ákærði Guðmundur Guðnason borgi allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Jóns Guðmundssonar og Páls Melsteðs, 10 krónur til hvors í málsfærslulaun.

Hið ídæmda að greiða innan 8 vikna frá dóms þessa löglegri birtingu, undir aðför að lögum.